

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 7. apríl 2016 í máli

nr. E-132/2015:

Þorvaldur Jón Ottósson

(Jónas Haraldsson hdl.)

gegn

Borg eignarhaldsfélagi ehf.

(Sigurður A. Þóroddsson hrl.)

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. mars sl., var höfðað 12. júní 2015.

Stefnandi er Þorvaldur Jón Ottósson, Vesturvegi 17b, Vestmannaeyjum.

Stefndi er Borg eignarhaldsfélag ehf., Skólavegi 4, Hrísey.

Dómkröfur

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 781.636 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 20. október 2014 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti úr hendi stefnda. Loks krefst hann þess að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m.s. Eyborgu ST- 59 (2190) til tryggingar dæmdum kröfum.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

II

Atvik máls

Stefnandi, sem er vélstjóramenntaður, réð sig sem 1. vélstjóra á Eyborgu ST-59, sem er togskip í eigu stefnda og aðallega gert út til rækjuveiða, hinn 3. september 2014 og var hann lögskráður á skipið þann dag. Ekki var gerður ráðningarsamningur við stefnanda en aðilar eru ósammála um hvers vegna það var ekki gert líkt og rakið er í kafla um málsástæður aðila.

Með bréfi dagsettu 30. september 2014 var stefnanda sagt upp störfum „með eðlilegum fyrirvara eins og samningar kveða á um“ eins og segir í bréfinu. Á sama tíma mun öðrum áhafnar meðlimum einnig hafa verið sagt upp.

Hinn 19. október 2014 kom skipið í höfn á Siglufirði vegna brælu á miðunum. Daginn eftir stóð til að skipið héldi aftur til veiða. Af því gat ekki orðið þar sem yfirvélstjóra vantaði á skipið en yfirvélstjóri mætti ekki til vinnu sinnar þann dag. Skipinu var þremur dögum síðar siglt til Akureyrar þar sem afla var landað úr því hinn 30. október. Nokkrum dögum síðar fór stefnandi frá borði og snéri ekki aftur en aðila greinir á um hvort hann hafi gert það með eða án samþykkis stefnda.

III

Málsástæður og lagarök

Stefnandi byggir kröfur sínar um laun fyrir tveggja mánaða eftirstöðvar af þriggja mánaða uppsagnarfresti á því að hann hafi hinn 3. september 2014 verið ráðinn ótímabundið sem 1. vélstjóri á skip stefnda. Samkvæmt lögskráningarrvottorði hafi hann verið lögskráður á skipið sama dag og hann var ráðinn. Hann hafi verið í ráðningarsambandi við stefnda þar til stefndi lagði skipinu og hætti útgerð þess hinn 20. október 2014.

Stefnandi vísar til þess að ekki hafi verið gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur, sbr. 6. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Ráðningin hafi ekki verið tímabundin eða til ákveðins tíma og því hafi uppsagnarfrestur verið þrjú mánuðir, sbr. 9. gr. og 25. gr. nefndra laga og sbr. 2. mgr. greinar 1.22 í kjarasamningi Félags vélstjóra og málmíðnaðarmanna við Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtaka atvinnulífsins. Ráðningu stefnanda hafi lokið 20. október 2014 er stefnandi rifti ráðningarsamningi aðila með því að hætta útgerð skipsins en þá hafi staðið eftir tveir mánuðir af uppsagnarfresti stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína í kauptryggingu, fast kaup, fata- og fæðispeninga og starfsaldursálag að viðbættu orlofi allt til tveggja mánaða og samtala þessara liða nemi stefnufjárhæðinni. Þá miðar stefnandi dráttarvaxtakröfu sína við þann dag er ráðningu hans var rift. Krafa um sjóveðrétt er reist á 1. tl. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Stefndi heldur því fram að stefnandi hafi ekki átt rétt á launum í uppsagnarfresti hvort sem hann hafi verið lausráðinn verktaki eða launamaður. Stefnandi hafi ekki verið tilbúinn til að ráða sig sem launamann um borð þar sem slík ráðning myndi hafa áhrif á ellilífeyri hans og því hafi hann viljað starfa sem verktaki í mánuð í senn eða fara í einstaka veiðiferðir. Greiðslur til hans hafi þó tekið mið af aflahlut en stefnandi hafi gert stefnda reikning fyrir þeirri fjárhæð í nafni félagsins Rósir ehf. Það félag hafi því tekið að sér að manna stöðu stefnda um borð. Stefnandi byggir á því að stefnandi hafi gert reikninga fyrir vinnu sinni eins og skjöl málsins beri með sér sem sanni að aðilum hafi samist um að hann starfaði á skipinu sem verktaki.

Rétt sé að stefnanda hafi verið sagt upp störfum líkt og öðrum áhafnar meðlimum þar sem fyrir hafi legið að skipinu yrði ekki haldið til veiða komandi vetur. Það hafi hins vegar ekki breytt stöðu hans sem lausráðins áhafnar meðlims og um það hafi stefnanda verið kunnugt. Stefnandi byggir á því að stefnanda hafi, líkt og öðrum í áhöfninni, borið að vinna uppsagnarfrestinn ef hann leit á sig sem launamann, ráðinn um óákveðinn tíma. Stefnandi hafi sökum aldurs haft lítið þol til starfa og hann hafi því sjálfur ákveðið að fara eingöngu túr og túr eftir því sem hann treysti sér til. Hins vegar hafi verið full þörf fyrir starfskrafta hans þegar hann fyrirvaralaust tilkynnti að hann væri hættur og kæmi ekki aftur til starfa. Aðrir yfirmenn á skipinu hafi unnið viðhaldsstörf um borð í skipinu næstu mánuði eftir að stefnandi hélt á brott en þegar vinna þurfti vélavinnu hafi stefndi þurft að fá til þess starfsmenn úr landi. Stefnandi heldur því fram að stefnandi hafi sjálfur rift meintum ráðningarsamningi með því að hlaupa frá borði þrátt fyrir að næg verkefni væru fyrir hann um borð í skipinu.

IV

Niðurstaða

Fyrir liggur að stefnandi gerði stefnda reikninga í nafni einkahlutafélags síns, Rósir ehf., sem nam sömu fjárhæð og laun hans ella hefðu orðið ef miðað væri við aflahlut. Leggja verður til grundvallar að tilhögun þessi hafi verið að undirlagi stefnanda enda félagið í hans eigu og ósennilegt að stefndi hefði tekið það upp af sjálfsdáðum að hafa þennan háttinn á í andstöðu við stefnanda. Þá liggur fyrir að stefndi bar fyrir dóminum að hann hafi viljað ráða stefnanda með sama hætti og aðra skipverja en stefnandi hafi þá lýst því að með þessu fyrirkomulagi kæmist hann hjá skerðingu á ellilífeyri sem til hefði komið ef hann væri launamaður. Fyrirsvarsmaður stefnda bar að hann hefði fallist á þetta fyrirkomulag þar sem mikil ekla hafi verið á vélstjórum á þessum tíma. Vitnið A, skipverji á Eyborgu, kvaðst hafa heyrt stefnanda tala um að hann væri lausráðinn verktaki og að hann væri ráðinn í stakar veiðiferðir. Að þessu virtu verður lagt til grundvallar að aðilar hafi samið um að stefnandi starfaði sem verktaki hjá stefnda, enda fékk stefnandi greitt í samræmi við reikninga sem gefnir voru út í nafni einkahlutafélags í hans eigu.

Í 1. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er mælt fyrir um að löggin gildi um alla sjómenn á íslenskum skipum. Löggin tryggja sjómönnum ýmis lágmarksréttindi sem t.d. koma fram í 9. og 36. gr. laganna. Þá er útgerðarmanni skylt að gera skriflegan ráðningarsamning við skipverja. Þessi ákvæði og önnur í nefndum lögum svo og athugasemdir við 2. mgr. 1. gr. laganna í frumvarpi til laganna, þar sem fram kemur að það sé meginregla að ákvæði frumvarpsins nái til sjómanna á öllum íslenskum skipum, hverju nafni sem nefnast, benda til þess að óheimilt sé að ráða skipverja sem verktaka um borð í fiskiskip. Er málsástæðu stefnda í þá veru að stefnandi hafi sinnt stöðu 1. vélstjóra sem verktaki um borð í Eyborgu ST-59 því hafnað.

Af hálfu stefnda er á því byggt að stefnandi hafi verið ráðinn í einstakar veiðiferðir og af þeim sökum eigi hann ekki rétt til launa í uppsagnarfresti. Áður er rakið með hvaða hætti stefnandi réð sig í skipsrúm hjá stefnda og þá bar vitnið Ari Albertsson að hann hafi heyrt stefnanda tala um að hann væri verktaki ráðinn í einstakar veiðiferðir. Aðilum ber ekki saman um með hvaða hætti starfslok stefnanda báru að. Stefnandi bar fyrir dóminum að fyrirsvarsmaður stefnda hafi einfaldlega heimilað honum að fara. Fyrirsvarsmaðurinn bar hins vegar á þann veg að stefnandi hafi einfaldlega kvatt og horfið á brott og hann hafi ekki gert athugasemdir við það þar sem hann hafi litið svo á að stefnandi væri verktaki og honum því heimilt að fara. Þegar horft er til þess fyrirkomulags sem var á launagreiðslum til stefnanda, en því er ekki haldið fram í málinu að fjárhæð sú sem hann fékk greidda hafi ekki verið í samræmi við aflahlut, og framburðar vitnisins A í þá veru að stefnandi hafi sjálfur sagt að hann væri ráðinn í einstakar veiðiferðir telst nægjanlega í ljós leitt að stefnandi hafi í raun verið ráðinn í einstakar veiðiferðir. Með þessu gerðu aðilar með sér samkomulag í þá veru að stefnandi væri laus allra mála gagnvart stefnanda að lokinni hverri veiðiferð og þyrfti ekki að fara aðra veiðiferð eða vinna uppsagnarfrest og að sama skapi þyrfti stefndi ekki að

greiða honum laun í uppsagnarfresti. Ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir.

Af hálfu stefnanda flutti mál þetta Jónas Haraldsson hæstaréttarlögmaður en af hálfu stefnda Sigurður A. Þóroddsson hæstaréttarlögmaður.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Borg eignarhaldsfélag ehf., er sýknað af kröfum stefnanda, Þorvaldar Jóns Ottóssonar.

Stefnandi greiði stefnda 400.000 krónur í málskostnað.